

Ár 2013, fimmtudaginn 19. september kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir Eypór H. Ólafsson í forföllum Guðmundar Þórs Guðjónssonar og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir varaformaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði Unnur fram tillögu að dagskrárbreytingu. Að við bætist liður 1.1. bréf frá Guðmundi Þór Guðjónssyni. Tölusetning annarra liða breytist í samræmi við þetta. Breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

## **1. Bréf sem borist hafa frá:**

### **1.1. Guðmundi Þóri Guðjónssyni frá 15. september 2013.**

Í bréfinu óskar bréfitari lausnar frá störfum í bæjarstjórn af persónulegum ástæðum.

Bæjarráð þakkar Guðmundi Þóri fyrir gott samstarf, góð störf í þágu bæjarins og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni. Að öðru leyti er bréfið lagt fram til kynningar en skipan í nefndir og ráð vegna breytingarinnar mun fara fram á fundi bæjarstjórnar í október.

### **1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 3. september 2013.**

Í bréfinu staðfestir ráðuneytið siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá Hveragerðisbæ.

Lagt fram til kynningar.

### **1.3. Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Samgöngustofu frá 6. september 2013.**

Í bréfinu er fulltrúum Hveragerðisbæjar boðið að vera viðstaddir við afhendingu Umferðarsáttmálans sem fór fram 18. september í Fjölskyldu og húsdýragarðinum.

Lagt fram til kynningar.

### **1.4. EBÍ Brunabót frá 6. september 2013.**

Í bréfinu er kynnt úthlutun ágóðahlutagreiðslna til aðildar-sveitarfélaga EBÍ. Hluttur Hveragerðisbæjar þetta árið er 1.780.500.-

Lagt fram til kynningar.

**1.5. Æskulýðsvettvanginum frá 5. september 2013.**

Í bréfinu er kynnt námskeiðið *Verndum þau* sem er námskeið um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og unglíngum.

Vísað til Velferðarnefndar Árneshöfna.

**1.6. Myndlistarfélagi Árneshöfna, ódagsett.**

Í bréfinu óskar Myndlistarfélagið eftir aðstöðu í Hveragerði fyrir starfsemi sína.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að kynna möguleika á endurgjaldslausum afnotum af húsnæði í Egilstöðum, gamla barnaskólanum, fyrir félagið.

**1.7. Berglindi Evu Arnarsdóttur og Ólafíu Eyrúnu Sigurðardóttur frá 5. september 2013.**

Í bréfinu óska bréfitrarar eftir að fá að reka lítið kaffihús í Lystigarðinum Fosshöfna.

Bæjarráð tekur undir það sjónarmið að rekstur kaffihúss í Lystigarðinum Fosshöfna gæti orðið skemmtileg viðbót við afþreyingu og flóru veitingastaða í bæjarfélaginu. Til þess að slíkt sé mögulegt þarf að meta staðsetningar og aðstæður og því er erindinu vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

**1.8. Gaupni ehf frá 28. ágúst 2013.**

Í bréfinu býður Gaupni ehf Hveragerðisbæ byggingarétt við Sunnumörk 24 til kaups.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitrara á grundvelli umræðna á fundinum.

**1.9. Elfu Dögg Þórðardóttur frá 16. september 2013.**

Í bréfinu óskar bréfitrari fyrir hönd Frost og Funa ehf eftir stækkun lóðar við Hverhamar.

Bæjarráð fagnar stórhuga áformum bréfitrara um uppbyggingu við Frost og funa og vísar erindinu til skipulags- og byggingarnefndar til afgreiðslu.

**1.10. Sigurjóni Arek Sigurjónssyni frá 26. ágúst 2013.**

Í bréfinu sem er undirritað af Sigurjóni ásamt fleiri börnum í Hveragerði óskar Sigurjón eftir hjólabrettavelli í Hveragerði.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju sinni með erindi bréfitrara og þeim áhuga sem það lýsir á okkar nánasta umhverfi. Uppsetning hjólabrettaaðstöðu er kostnaðarsöm og því er nauðsynlegt að vísa erindi sem þessu til gerðar fjárhagsáætlunar. Jafnframt er erindinu vísað til menningar og frístundafulltrúa sem ásamt bæjarstjóra mun vinna málið áfram.

**2. Fjárhagsleg málefni:****2.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá bókasafninu í Hveragerði.**

Bókasafnið óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun á laun og launatengd gjöld vegna forfalla kr. 766.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. 766.000.- fari af lið 21-01-9980.

**2.2. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá leikskónum Undralandi.**

Leikskólinn Undraland óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun á laun og launatengd gjöld vegna forfalla kr. 650.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. 650.000.- fari af lið 21-01-9980

**2.3. Reglur um notkun og greiðslur vegna farsíma fyrir starfsmenn Hveragerðisbæjar.**

Lagðar fram reglur um notkun og greiðslur vegna farsíma fyrir starfsmenn Hveragerðisbæjar.

Reglurnar samþykktar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

**3. Tæknileg málefni:****3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra v/ útboðs á sorphirðu í Hveragerðisbæ frá 9. september 2013.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna útboðs á sorphirðu í Hveragerðisbæ.

Bæjarráð samþykkir að fela Ríkiskaupum að undirbúa og sjá um útboð á sorphirðu í Hveragerðisbæ. Bæjarráð leggur áherslu á að breytingar á flokkun verði minniháttar og áfram verði lífrænn úrgangur flokkaður sérstaklega. Skipulags- og byggingarfulltrúi verði tengiliður við Ríkiskaup vegna þessa í samvinnu við bæjarstjóra. Reynist slíkt nauðsynlegt er bæjarstjóra falið að framlengja núverandi samning um sorphirðu við Íslenska gámafélagið þar til niðurstaða útboðs liggur fyrir.

**3.2. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa v/ 30 km hliða og upphækkaðra hellulagðra gangbrauta frá 28. ágúst 2013.**

Lagt fram minnisblað frá Skipulags- og byggingarfulltrúa v/ 30 km hliða og upphækkaðra hellulagðra gangbrauta.

Bæjarráð samþykkir að nú þegar verði ráðist í lagningu upphækkaðrar hellulagðrar gangbrautar á Heiðmörk vestan við Laufskóga. Er sú samþykkt í fullu samræmi við stefnumörkun um umferðaröryggi sem unnin var fyrir Hveragerðisbæ árið 2007.

**4. Fundargerðir til kynningar:**

- 4.1. **Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 28. ágúst 2013.**
- 4.2. **Skóanefndar Tónlistarskóla Árnesinga frá 16. ágúst 2013.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:57

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)